



Ársskýrsla 2022



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



Maí 2023

Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Selma Kristjánsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson

Ársskýrsla 2022



Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stjórn og starfsfólk

Stjórn:

Eiður Stefánsson stjórnarformaður, LÍV
Björg Ársælsdóttir, SA
Hugrún Elvarsdóttir, SA
Ragna Vala Kjartansdóttir, SA
Sigurður Sigfússon, VR
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR

Varamenn:

Gils Einarsson, LÍV
Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR
Heiðrún Björk Gísladóttir, SA
Maj-Britt Hjördís Briem, SA

Starfsfólk sjóðsins:

Selma Kristjánsdóttir og Signý Aðalsteinsdóttir

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er
Sigríður H. Sveinsdóttir, KPMG.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu
og einn vinnufundur stjórnar.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofn-
aður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings
á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV
hins vegar.


Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar og hæfni-
aukningar félagsfólks og styrkja aðildarfyrirtæki Samtaka
atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar síns starfsfólks.
Sjóðurinn veitir einnig styrki til þróunar- og nýsköpunar-
verkefna. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af
launum félagsfólks en aðildarfélögin greiða fjórðungs mót-
framlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:


1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsfólks sjóðs-
ins sem leitt getur til virðisauka fyrir það og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóð-
inn með aukinni menntun og hæfni starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-,
þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja
við áframhaldandi þróun náms og hæfniaukningar tengt
greinum.
4. Að hvetja félagsfólk til náms og/eða frekari hæfniaukningar.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum
og stuðla að aukinni hæfni starfsfólks innan fyrirtækja.

Yfirlit yfir breytingar og þróun sem átt hafa sér stað hjá sjóðnum á árunum 2014 til 2022

Einstaklingar



Fyrirtæki



Þróunarvinna SVS



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins


Fjöldi einstaklinga sem sóttu um styrk í sjóðinn fækkaði um 227 einstaklinga milli árána 2021 og 2022. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja dróst saman um rúmar 25 milljónir króna. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði aftur á móti nánast um sömu upphæð eða rúmar 25 milljónir króna sem er um 30% aukning milli ára. Aukningin á rætur að rekja til þess að farið var í sérstakt sameiginlegt markaðsátak starfsmenntasjóðanna sem standa að Áttinni. Jafnframt er breytingin sem gerð var á myndun réttinda til fyrirtækja í SVS frá 2020 að skila sér til fyrirtækja.

Önnur verkefni á árinu

- Vinnufundur stjórnar haldinn í maí 2022. Helstu viðfangsefni fundarins voru innra starf, styrkjaumhverfi einstaklinga og fyrirtækja og markaðsmál.
- Þátttaka SVS í áframhaldandi þróunarvinnu Stafræna hæfnisetursins samþykkt með styrkveitingu á móti þremur verkþáttum.
- Markaðsherferð Áttarinnar fer af stað í upphafi árs og stendur út árið.
- Uppfærsla á orðalagi í samþykktum og reglum sjóðsins án breytinga á merkingu.
- Greinaskrif um starfsmenntun og styrkmöguleika.
- Ný vefsíða SVS sett í loftið með upplýsingum á ensku og pólsku til viðbótar við íslensku.
- Nýr myndabanki fyrir SVS varð að veruleika.
- Samþykkt að hækka fyrirtækjastyrki úr kr. 130.000 per einstakling í kr. 390.000 frá og með 1. janúar 2023.
- Gistikostnaði bætt við skilgreiningu undir ferðastyrk í reglum sjóðsins og er því ferða- og gistikostnaður nú undir skilgreiningu á ferðastyrk frá 1. janúar 2023.
- Fagnám og raunfærnimat í verslun og þjónustu í samvinnu við Verzlunarskóla Íslands, Mími símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Reglulegir fundir með stýrihópi haldnir 2022.
- SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar sem er vefgátt starfsmenntasjóða á almenna markaðinum. Á vef Áttarinnar geta fyrirtæki sótt um styrk til margra sjóða á sama tíma með einni umsókn.
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar – áframhaldandi samstarfsverkefni ásamt samstarfsjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu.


Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 1



Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2



- Þátttaka á viðburðum og kynningum tengt starfsmenntun og frekari hæfni starfsfólks á vinnumarkaði.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 923.353.014 árið 2022 en úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru að upphæð kr. 823.468.428. Útgreiðsla styrkja hefur vaxið undanfarin ár og 2018 fara styrkir yfir framlög iðgjalda og hafa haldist þannig undanfarin fjögur ár. Breyting verður á hlutfallinu 2022 þegar greidd iðgjöld eru umfram greidda styrki á árinu. Hlutfall greiddra styrkja úr sjóðnum á móti greiddum iðgjöldum er 89% fyrir árið 2022. Eitt af meginmarkmiðum stjórnar sjóðsins undanfarin misseri hefur verið að 90% af iðgjöldum sjóðsins nýtist beint í styrki til hæfniaukningar fyrir félagsfólk sjóðsins og fyrirtæki sem að sjóðnum standa og segja má að það markmið hafi náðst fyrir árið 2022. Sjá myndir 1 og 2.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 10 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verzlunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja fyrir sitt félagsfólk.

- AFL Starfsgreinafélag
- Félag verzlunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA)
- Framsýn stéttarfélag
- Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest.)
- Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)
- Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ.)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðsfélag Þórshafnar
- Verslunarmannafélag Skagfirðinga
- VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja í ársreikningi nam 714.956.758, eða tæpum 26 milljónum lægra en árið áður. Einstaklingar sem fengu greidda styrki 2022 voru 7.867 talsins og fækkaði um 227 einstaklinga frá árinu áður, en þá fengu 8.094 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3.

Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Á árinu fékk 681 félagi 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 390.000 kr. Þar af voru 634 VR félagar. Árið 2021 voru 714 félagar sem nýttu sér uppsafnaðan rétt.


Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2022 lækkaði um rúmlega 1.000 kr. úr 71.781 kr. í 70.080 kr. Sjá mynd 4.

Sjá má meðalupphæð styrkja eftir félagi á mynd 5, en þar má sjá áberandi háa tölu hjá einu aðildarfélaginu. Skýringin á því er sú að hærra hlutfall félagsfólks þess nýtti sér uppsöfnun á árinu sem hefur svo áhrif á meðaltalsgreiðslu þess félags.


7.867

einstaklingar fengu greidda styrki 2022.


Fjöldi einstaklinga Mynd 3




Meðalupphæð styrkja til einstaklinga Mynd 4



Meðalupphæð eftir félagum Mynd 5







Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins




Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2022 var 714.956.758 kr. á móti 740.886.774 kr. 2021 og lækk-aði útgreiðsla á einstaklingsstyrkjum um 3% á milli ára. Sjá mynd 6.

Á mynd 7 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2021 og 2022. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára og 45-54 ára eru þeir hópar sem hafa fengið úthlutað hæstu meðalupp-hæðinni á árinu eða milli 82-84 þúsund króna. Flestar umsóknir félagsfólks VR koma frá aldurshópnum 25-34 ára og svo yngsta hópnum sem er fólk yngra en 25 ára, sjá mynd 8.

Hjá hinum LÍV félögunum er yngsti hópurinn (undir 25 ára) öflugri í fjölda umsókna en fast á hæla þeirra kemur aldurs-hópurinn 25-34 ára, sjá mynd 9.



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins



85,5%

eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis.


Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms eða 85,5%. Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum í öllum aldurshópum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Hlutfall milli kynja er nánast það sama milli ára. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eða 85,5% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis og lækkar aðeins milli ára en hlutfall greiddra styrkja vegna starfstengds náms var 86,7% árið 2021.

Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 37% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunn- og meistaranám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi. Nám eða námskeið sem ekki er metið til eininga eða til aukinna réttinda verður að falla að viðmiðum sjóðsins um skilgreiningu og skilyrði námskeiðs og verður að tengjast starfi eða starfsþróun sjóðsfélaga til að teljast styrkhæft. Nánari skilgreining á hvað telst styrkhæft samkvæmt reglum sjóðsins er að finna á vef sjóðsins.

37%

styrkja eru vegna háskólanáms.



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja og samtaka ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ voru samanlagt tæplega 89 milljónir króna 2022 á móti rúmlega 62,5 milljónir króna 2021 og er hlutfall þeirra 11% af heildarstyrkjum sjóðsins, en var 8% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja og samtaka hækkaði um rúmlega 25,5 milljónir króna milli ára eða um 29%. Rekja má þessa hækkun til breytinga SVS sem gerð var á möguleika fyrirtækja á hámarksstyrk 2021. Að auki fóru starfsmenntasjóðirnir í sérstakt markaðsátak um vitundarvakningu fyrirtækja á vefgáttinni Áttin.is og möguleika fyrirtækja að sækja um styrki vegna fræðslu og hæfniaukningar starfsfólks í sjóðina á skilvirkan og einfaldan máta.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2022 fengu sem nemur 51.944.690 kr. í afslátt á iðgjöldum. Þar sem sú tala kemur ekki fram í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja. Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 16.900 sjóðsfélaga sem er fjölgun um u.þ.b. 4.300 einstaklinga milli ára. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsfólks sést á mynd 13.

Talsverð aukning var á fjölda styrkja til fyrirtækja eða rúmlega 19% milli ára. Fækkun var á einstaklingsstyrkjum sem hefur skilað sér í fjölgun fyrirtækjastyrkja sem hefur aldrei verið jafn há og í ár. Sjá mynd 14.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 24 í lok árs 2022 og fjölgaði um tvö milli ára. Sjá mynd 15. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt rúmlega 78 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rétt tæplega 26 milljónir og er afsláttur þeirra því tæpar 52 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækkun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.

Árið 2022 bættust átta ný fyrirtæki við í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ en þau voru sex 2021. Þetta eru fyrirtækin; VHE ehf., Fly Play hf., Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Wise lausnir hf., DK hugbúnaður, Mátis ohf., Colas Ísland ehf. og Norðurál Grundartangi ehf. „Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mann-


auðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk.

Það var árið 2017 sem stjórn sjóðsins samþykkti og setti á laggirnar nýjung við afgreiðslu styrkja þegar sameiginlegur styrkmöguleiki einstaklings og fyrirtækis leit dagsins ljós. Með því móti er möguleiki að hámarka rétt beggja aðila í sjóðinn á móti einum greiddum reikningi. Skilyrðin fyrir slíkri umsókn er að námsgjaldið sé hærra en kr. 200.000 og yfirlýsing fylgi frá fyrirtækinu að um sameiginlega umsókn sé að ræða af beggja hálfu. Einstaklingur sækir um sameiginlega umsókn í sjóðinn hjá sínu stéttarfélagi. Nánari útskýringar og leiðbeiningar um sameiginlegan styrk fyrirtækja og einstaklings má finna á vef sjóðsins. Ánægjulegt er að sjá að sameiginlegum umsóknum fer fjölgandi milli ára eins og sjá má á mynd 17. Á árinu 2022 er heildarfjöldi sameiginlegra styrkja 84 eða 22% fleiri en árið áður.

Heildarfjöldi starfsfólks á bak við styrki Mynd 13




Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 14




Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi Mynd 15



Fræðslustjóri að láni Mynd 16



Fjöldi sameiginlegra styrkja Mynd 17



84

Heildarfjöldi sameiginlegra styrkja á árinu 2022.

16.900

Styrkveiting SVS til fyrirtækja náði samtals til rúmlega 16.900 sjóðsfélaga.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins



Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun, hafa yfirfærslugildi og nýtast þannig starfsgreinum sem tilheyra sjóðnum. Við mat á verkefnum tekur stjórn SVS mið af markmiðum sjóðsins ásamt því að hafa að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði af námi og náms-efni sem svarar þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Nánari skilgreining á skilmálum er að finna á vef sjóðsins.

Árið 2022 voru eftirfarandi verkefni styrkt og skilgreind sem þróunarstyrkir:

- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og SAF: Þýðing á áður styrktu kennslumyndbandi varðandi fagmennsku í þjónustu.
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar: Fræðsluefni um áfangastaðinn Ísland fyrir framlínustarfsfólk.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Þátttaka og utanumhald í alþjóðlegri ráðstefnu um raunfærnimat.
- Sahara: Stofnkostnaður og þróun Sahara Academy.
- Effect og Akademias: Hæfnigreiningartól.
- Skákgreind: Gervigreind fyrir alla – áframhaldandi þróun/framhaldsstyrkur.
- Stafræni hæfniklasinn: Skilgreind verkefni innan klasans.

Þróun náms í verslun og þjónustu

Á árinu 2020 hóf fyrsti hópur göngu sína í Fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu í samstarfi við Mími og Verzlunarskóla Íslands, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Námið er 90 eininga nám á framhaldsskóla-

stigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram úti í fyrirtækjunum. Vinnustaður gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina sérhæft 15 eininga vinnustaðanám sem er lagað að viðkomandi vinnustað. Níu vinnustaðir eru samstarfsaðilar að Fagnáminu árið 2022. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykkja til þátttöku í námið. Frá upphafi hafa 87 nemendur innritast í námið, 60 af þeim voru virkir í náminu í lok árs 2022 og 17 hafa útskrifast með fagbréf. Sumir nemendanna halda áfram og ljúka stúdentsprófi samhliða fagnáminu og hafa 5 lokið stúdentsprófi.

Stafræn viðskiptalína hjá Verzlunarskóla Íslands er námsbraut til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur fór af stað haustið 2020 og útskrifaðist vorið 2022 með 25 nemendur. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrjú í senn. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og eru einingar tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. 15 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 27 nemendur virkir í náminu í upphafi árs 2023. Háskólinn á Bifröst býður frá hausti 2022 upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks ("sjóðurinn") fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2022 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni*. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 3. maí 2022

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir,
endurskoðandi



Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 nam 7,8 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins 949,3 m.kr, bókfært eigið fé í árslok 889,9 m.kr. og var eiginfjárlutfall sjóðsins 94% í árslok.

Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegar og VR og Landsambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 2000.


Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

- Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsfólks sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
- Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
- Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms og hæfniaukningar tengt greinunum.
- Að hvetja félagsfólks til náms og/eða frekari hæfniaukningar.
- Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum og stuðla að aukinni hæfni starfsfólks innan fyrirtækja.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík 3. maí 2023



Handwritten signatures of the board members:

- Ólafur Stefánsson
- Guðrún Þórunn
- Anna Elvassdóttir
- Ragnyri Velaugjónsdóttir
- Þjórgunnur Ársælsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Löggjöld atvinnurekenda		738.702.191	625.804.301
Mótframlög stéttarféлага		184.650.823	156.451.092
		<u>923.353.014</u>	<u>782.255.393</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir	4	823.468.428	805.107.308
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	34.476.160	29.582.657
Markaðskostnaður	6	5.038.147	1.429.691
Innheimtukostnaður		19.658.032	16.728.622
		<u>882.640.767</u>	<u>852.848.278</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		40.712.247	(70.592.885)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur	7	(44.818.882)	78.180.848
Fjármagnsgjöld		(27.859)	(8.385)
Fjármagnstekjuskattur		11.908.239	(14.652.394)
		<u>(32.938.502)</u>	<u>63.520.069</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u>7.773.745</u>	<u>(7.072.816)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12 2022	31.12 2021
Veltufjármunir			
Verðbréfasafn	8	744.988.635	843.269.684
Óinnheimt iðgjöld	9	81.477.767	72.346.504
Aðrar skammtímakröfur		4.348.876	2.471.827
Handbært fé		118.475.269	28.339.495
Eignir		<u>949.290.547</u>	<u>946.427.510</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>889.903.958</u>	<u>882.130.213</u>
Skuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	11	38.117.246	54.067.317
Aðrar skammtímaskuldir	12	21.269.343	10.229.980
		<u>59.386.589</u>	<u>64.297.297</u>
Eigið fé og skuldir		<u>949.290.547</u>	<u>946.427.510</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		7.773.745	(7.072.816)
Hreinar fjármunatekjur		32.938.502	(63.520.069)
		<u>40.712.247</u>	<u>(70.592.885)</u>
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		(11.008.312)	(10.556.454)
Skammtímaskuldir hækkun		11.039.363	1.166.158
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>40.743.298</u>	<u>(79.983.181)</u>
Innborgaðir vextir af veltufjármunum		3.420.335	777.953
Greiddir vextir af skammtímaskuldum		(27.859)	(8.385)
Handbært fé frá rekstri		<u>44.135.774</u>	<u>(79.213.613)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréfasöfn, breyting	8	46.000.000	80.000.000
		<u>46.000.000</u>	<u>80.000.000</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		90.135.774	786.387
Handbært fé í upphafi árs		28.339.495	27.553.108
Handbært fé í lok árs		<u>118.475.269</u>	<u>28.339.495</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

b. Áhættustjórnun

Almenn stefna sjóðsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

d. Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnsgjöld

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

f. Fjármagnsgjöld

Hlutabréf og verðbréf í eigu sjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

g. Handbært fé

Handbært fé sjóðsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

h. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

Skýringar og sundurliðanir

4. Úthlutaðir styrkir

	2022	2021
Fræðslustyrkir til einstaklinga	714.956.758	740.886.774
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	85.245.753	59.718.450
Fræðslustjóri að láni - styrkir	3.465.917	2.793.584
Próunar- og nýsköpunarstyrkir	19.800.000	1.708.500
	<u>823.468.428</u>	<u>805.107.308</u>

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2022	2021
Umsýsluþóknun - greidd til VR	31.074.812	27.823.722
Rekstur Áttarinnar	1.961.232	853.507
Aðkeypt tölvuþjónusta	334.154	225.512
Endurskoðun	535.257	499.749
Stjórn og stjórnarfundir	279.770	91.271
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	187.851	59.272
Annar kostnaður	103.084	29.624
	<u>34.476.160</u>	<u>29.582.657</u>

VR annast daglega umsjón með rekstri sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Í því felst m.a. allt starfsmannahald, móttaka, skráning og afgreiðsla umsókna, símsvörun, svör við fyrirspurnum til sjóðsins, úrskurðir um vafaatriði og umfjöllun um kærur, ásamt uppfærslu upplýsinga á vef sjóðsins.

6. Markaðskostnaður

	2022	2021
Kynningarstarf	18.083	35.000
Auglýsingar	718.748	979.814
Hönnun, útgáfa og prentun	4.137.816	414.877
Annar markaðskostnaður	163.500	0
	<u>5.038.147</u>	<u>1.429.691</u>

7. Fjármunatekjur

	2022	2021
Vaxtatekjur af bankareikningum	3.242.168	135.293
Vaxtatekjur af iðgjöldum	865.580	672.419
Vaxtatekjur af verðbréfaeign	5.521.779	4.845.633
Gengishagnaður / tap verðbréfasafns	53.086.319)	74.900.386
Þóknun vegna verðbréfasafns	(1.362.090)	(2.372.883)
	<u>44.818.882</u>	<u>78.180.848</u>

Skýringar og sundurliðanir

8. Verðbréfasafn

a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:

	31.12 2022	31.12 2021
Staða í ársbyrjun	843.269.684	857.467.322
Innborgað (útborgað) á verðbréfasöfn	(46.000.000)	(80.000.000)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(3.354.419)	(11.570.774)
Greiddar umsýsluþóknanir	(1.362.090)	(2.372.883)
Verðbreytingar ársins	(47.564.540)	79.746.019
Staða í árslok	<u>744.988.635</u>	<u>843.269.684</u>
Nafnávöxtun á verðbréfaeign	-7,01%	9,10%
Raunávöxtun á verðbréfaeign	-16,42%	3,94%

b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:

	31.12 2022	31.12 2021
Innlán í bönkum og sparisjóðum	18.869.305	37.543.989
Ríkisvixlar, ríkisskuldabr. og skbr. m. ábyrgð ríkissjóðs	434.081.305	476.611.280
- Íbúðabréf	14.920.577	141.913.563
- Verðtryggð ríkisskuldabréf	324.417.813	134.965.394
- Óverðtryggð ríkisskuldabréf og vixlar	94.742.915	199.732.323
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	685.027	11.828.506
Skuldabr. og vixlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana ...	9.389.186	11.516.524
Sértryggð skuldabréf	42.437.584	53.338.423
Sértryggð skuldabréf verðtryggð	23.744.365	0
Skuldabréf fyrirtækja	50.721.386	24.683.906
Hlutabréf	165.060.477	227.747.056
- Innlend hlutabréf	56.958.321	70.246.099
- Erlend hlutabréf	108.102.156	157.500.957
	<u>744.988.635</u>	<u>843.269.684</u>

9. Óinnheimt iðgjöld

	2022	2021
LIVE og VR	80.452.023	71.339.330
Stéttarfélagið Samstaða	142.672	0
FVSA	0	316.677
Framsýn Stéttarfélag	246.069	50.686
Vlf. Snæfellinga	38.467	50.274
AFL starfsgreinafélag	598.536	589.537
	<u>81.477.767</u>	<u>72.346.504</u>

Skýringar og sundurliðanir

10. Eigið fé

Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig:

	2022	2021
Yfirfært frá fyrra ári	882.130.213	889.203.029
Rekstrarniðurstaða ársins	7.773.745	(7.072.816)
	<u>889.903.958</u>	<u>882.130.213</u>

11. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	2022	2021
Staða í ársbyrjun	54.067.317	51.015.456
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(3.354.419)	(11.570.774)
Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts	(12.595.652)	14.622.635
	<u>38.117.246</u>	<u>54.067.317</u>

12. Skammtímaskuldir

	31.12 2022	31.12 2021
Ógreiddir styrkir - Stéttarfélag Vesturlands	6.083	733.631
Ógreiddir styrkir - Verkalýðsfélag Þórshafnar	0	36.325
Ógreiddir styrkir - FVSA	1.534.172	0
Ógreiddir styrkir - Verkalýðsfélag Vestfirðinga	88.945	296.507
Ógreiddir styrkir - Stéttarfélagið Samstaða	0	6.894
Ógreidd þóknun VR	9.127.985	8.999.665
Aðrar skammtímaskuldir/ógr. úthl. styrkir	10.512.158	156.958
	<u>21.269.343</u>	<u>10.229.980</u>

13. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2022.

